

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Vísindi og velferð:

Styrktarsjóð Sigrúnar og Þorsteins

1. grein

Nafn sjóðs, heimili og varnarþing

Sjóðurinn heitir Vísindi og velferð: Styrktarsjóður Sigrúnar og Þorsteins, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Sjóðurinn er í umsjá og vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands og fellur undir sjóði sem eru í fjarvörslu þeirra.

Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. grein

Tilgangur og markmið sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja nám, rannsóknir og ritstörf annars vegar í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskyldumálefna og hins vegar í vísindafræðum, nánar tiltekið í vísindasögu, vísindaheimspeki og vísindamiðlun.

Sjóðnum er ætlað að efla doktorsnám og sérfræðipækkingu í félagsráðgjöf, meðal annars með því að veita fjárstyrki til:

- doktorsverkefna í félagsráðgjöf sem snerta málefni barna og fjölskyldna,
- frumrannsókna sem fela í sér nýsköpun þekkingar á sviðinu,
- aðferðaþróunar á sérsviðum sem varða börn og fjölskyldu,
- fræðilegra og faglegra þróunar- og tilraunaverkefna á sviðinu,
- fræðsluverkefna á sérsviðum sem varða börn og fjölskyldur.

Einnig vinnur sjóðurinn að eflingu vísindafræða í landinu með fjárstyrkjum til:

- nemenda í framhaldsnámi,
- rannsókna og ritstarfa fræðimanna í vísindafræðum,
- nýjunga í vísindamiðlun sem styrkja stöðu vísinda og vísindalegrar hugsunar meðal almennings í landinu.

Markmiðunum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

3. grein

Stofnframlag og tekjur sjóðsins

Stofnframlag sjóðsins er 40.000.000 krónur – fjörutíu milljónir króna, sem er gjöf Sigrúnar Júlíusdóttur og Þorsteins Vilhjálmssonar.

Aðrar tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins, s.s. frjáls framlög einstaklinga, félagasamtaka eða fyrirtækja auk fjármagnstekna af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og frekari framlögum, hvort sem er frá stofnaðilum eða öðrum þeim sem vilja veita markmiðum hans brautargengi skv. 2. gr.

Heimilt er að veita árlega samtals allt að 5.000.000 kr. á verðlagi ársins 2021 þó að höfuðstóll skerðist við það.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

4. grein

Stofnendur sjóðsins

Stofnendur sjóðsins eru Sigrún Júlíusdóttir, kt. 030244-2309, fyrrum prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og Þorsteinn Vilhjálmsson, kt. 270940-3319, fyrrum prófessor í eðlisfræði og vísindasögu við sama skóla. Sigrún hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar, rannsóknar og fræða í félagsráðgjöf og Þorsteinn hefur verið brautryðjandi í vísindafræðum við Háskólann.

5. grein

Stjórn sjóðsins

Rektor Háskóla Íslands skipar þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Við skipun stjórnar skal taka mið af tilgangi sjóðsins. Einn stjórnarmaður skal skipaður að fenginni tilnefningu stofnenda meðan þeir óska þess, en síðan án tilnefningar. Annar stjórnarmaður skal skipaður að fenginni tilnefningu forseta félagsráðgjafardeildar. Forsetar raunvísindadeildar og sagnfræði- og heimspekideildar tilnefna þriðja stjórnarmanninn sameiginlega og skal hann hafa sérþekkingu á vísindafræðum.

Hlutverk stjórnar er að halda utan um málefni sjóðsins og kynningar- og umsóknarferli í samstarfi við umsjónarmann Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarstörf eru ólaunuð. Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega.

6. grein

Fundir stjórnar

Formaður stjórnar sjóðsins skal boða til stjórnarfunda sjóðsins.

Stjórnin skal úthluta styrkjum á grundvelli auglýsingar. Stjórnin tekur ákvörðun um styrkupp hæð og einstakar styrkveitingar, að fenginni ráðgjöf frá sérfróðum aðilum ef þörf er á. Við styrkveitingar skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins. Auglýsing eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skal gerð á þann hátt að hún nái til sem flestra sem hún getur átt erindi við. Lögð skal áhersla á að auglýsa í þeim miðlum sem talið er hverju sinni að nái til viðkomandi hóps. Þetta skal gera á hverju ári, annað hvert ár fyrir hvorn hluta sjóðsins. Öllum umsóknum skal svarað og umsækjendum skýrt frá úthlutun ársins.

Stjórnin fer yfir ársreikninga sjóðsins, hefur eftirlit með ráðstöfun styrkja og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur sér nánari starfsreglur um úthlutanir, svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár. Stjórnin ritar starfsreglur sjóðsins og skulu þær endurskoðaðar reglulega.

Sjóðsstjórn heldur fundargerðabók og skilar fundargerðum til umsjónarmanns Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

7. grein

Umsýsla og endurskoðun sjóðsins

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmest og í samræmi við fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Reikningar sjóðsins skulu birtir með sama hætti og annarra sjóða í vörslu Háskóla Íslands.

8. grein

Um breytingar á skipulagsskránni

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður eða gera breytingar á hlutverki hans og tilgangi af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og í skipulagsskrá og ekki án þess að sjóðsstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Slíkt skal borið skriflega undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fjármunum hans varið í samræmi við markmið og tilgang sjóðsins í 2. grein skipulagsskrár þessarar.

9. grein

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Reykjavík, 16. apríl 2021

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Sigrún Júlíusdóttir
stofnaðili sjóðsins

Þorsteinn Vilhjálmsson
stofnaðili sjóðsins

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá númer 19/1988.